## Stofnfundargerð fyrir sjálfseignastofnun í atvinnurekstri (ses)

**Stofnfundur** sjálfseignastofnunarinnar **Heimilis kvikmyndanna ses** var haldinn í Kvikmyndamiðstöð Íslands við Hverfisgötu í Reykjavík hinn 16. ágúst 2010.

**Samþykktir (skipulagsskrá)** fyrir sjálfseignastofnunina lágu fyrir undirritaðar og samþykktar af stofnanda stofunarinnar, en þeir eru:

| | |
|---|---|
| Félag kvikmyndagerðarmanna, | kt. 650572-1229 |
| Samtök kvikmyndaleikstjóra, | kt. 590296-2443 |
| Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, | kt. 711290-2229 |
| Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, | kt. 680704-2870 |
| Félag kvikmyndaunnenda, | kt. 700410-0800 |

**Stofnfé** sjálfseignastofnunarinnar er kr. 1.100.000, ein milljón og eitthundrað þúsund krónur sem skiptist þannig:

Stofnendur og framlagsfé þeirra.

| | |
|---|---|
| Félag kvikmyndagerðarmanna | 300.000 kr. |
| Samtök kvikmyndaleikstjóra | 300.000 kr. |
| Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda | 300.000 kr. |
| Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík | 100.000 kr. |
| Félag kvikmyndaunnenda | 100.000 kr. |

**Í stjórn stofnunarinnar sitja:**

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, kt. 170564-3089, Nesvegi 48, 107 Reykjavík
Ragnar Bragason, kt. 1509714549, Bergstaðastræti 67, 101 Reykjavík
Ari Kristinsson kt. 1604513519., Skúlaskeiði 28, 220 Hafnarfjörður
Hrönn Marinósdóttir, varamaður, kt. 150565-5379, Vesturgöt 19, 01 Reykjavík

**Framkvæmdastjóri stofnunnarinnar er:**
Lovísa Óladóttir, kt. 251061-3279, Svöluhrauni 10, 220 Hafnarfjörður

**Endurskoðandi er:**
Eymundur Sveinn Einarsson, kt. 081166-3319, Garðatorgi 7, 210 Garðabær

**Á stofnfundinn voru mætt:**
Ari Kristinsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Ragnar Bragason, Ásgrímur Sverrisson.

**Reykjavík 16.ágúst 2010**

**Undirskriftir**

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, meðstjórnandi 170564-3089
Ragnar Bragason, ritari og varaformaður 150971-4549
Ari Kristinsson, stjórnarformaður 160451-3519

**Samþykktir (skipulagsskrá)**
Fyrir

Heiti:
1.gr.
Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess **Heimili kvikmyndanna.**

Heimilisfang:
2. gr.
**Heimilisfang** Heimilis kvikmyndanna er Hverfisgata 54, 101 Reykjavík.

Tilgangur:
3. gr.
**Tilgangur** stofnunarinnar er að standa fyrir sýningum á listrænum og sígldum kvikmyndum, dreifingu kvikmynda og stuðla að eflingu kvikmyndamenntunar í íslensku skólakerfi. Jafnframt að stunda veitingarekstur, útleigu aðstöðu, útgáfustarfsemi og verslun með kvikmyndir, bækur og annan kvikmyndatengdan varning.

Stofnendur:
4.gr.
**Stofnendur** stofnunarinnar eru:
Félag kvikmyndagerðarmanna, kt. 650572-1229, Laugavegi 24, 101 Reykjavík
Samtök kvikmyndaleikstjóra, kt. 590296-2443, pósthólf 64, 121 Reykjavík
Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, kt. 711290-2229, Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík
Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, kt. 680704-2870, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík
Félag kvikmyndaunnenda, kt. 700410-0800, Skipholti 11-13, 105 Reykjavík

Stofnfé:
5.gr.
**Stofnfé** stofnunarinnar er 1.100.000 kr. sem er framlag stofnenda félagsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Tekjur:
6.gr.
**Tekjur** stofnunarinnar skulu vera:
Miðasala, veitingasala, vörusala
Leigutekjur
Styrkir, gjafir eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.
Auglýsingatekjur
Vaxtatekjur
Aðrar tekjur

Stjórn:

7.gr.

**Stjórn** stofnunarinnar skal skipuð fæst þremur mönnum, einum frá Félagi kvikmyndagerðarmanna (FK), einum frá Samtökum kvikmyndaleikstjóra (SKL), einum frá Samtökum íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) og a.m.k. einum varamanni. Stjórnin skal kosin til eins árs í senn og kýs fráfarandi stjórn nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn Heimilis kvikmyndanna ses. skal kosin á stofnfundi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður og meðstjórnandi. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. **Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina.** Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður einn eða fleiri framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör þeirra. Framkvæmdastjórn hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur(eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Reikningsárið:

11. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. september til 31.ágúst. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 1.desember ár hvert.

12. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal valið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykkta þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

Breyting samþykkta, slit og sameining:
13. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

15. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt á fundi **Heimilis kvikmyndanna ses.** í Reykjavík 16. ágúst 2010

Undirskriftir stjórnarmanna:

F.h. Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Ari Kristinsson

Ari Kristinsson kt. 1604513519., Skúlaskeiði 28, 220 Hafnarfjörður

F.h. Félags kvikmyndagerðarmanna

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, kt. 170564-3089, Nesvegi 48, 107 Reykjavík

F.h. Samtaka kvikmyndaleikstjóra

Ragnar Bragason, kt. 1509714549, Bergstaðastræti 67, 101 Reykjavík

F.h. Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík

HRÖNN MARINÓSDÓTTIR, kt. 150565-5379, Vesturgötu 19, 101 Reykjavík

F.h. Félags kvikmyndaunnenda

Friðgeir Torfi Ásgeirsson, kt. 160679-4259, Vesturgötu 65, 101 Reykjavík